


Ljósmynd/Pétur Sörensson.

INNRÉTTING Reykjavíkur Apóteks (1928–30). Lyfjabúðin hefur einstakt listsögulegt gildi þar sem hún er eina heilsteypta innréttingin hér á landi með skýrum einkennum norrænnar klassíkur.

SIGURÐUR ARKITEKT

EFTIR PÉTUR J. ÁRMANNSSON

Síðla árs 1929 teiknaði Sigurður fyrsta íbúðarhús hér á landi eftir hugmyndum módernismans, hús Ólafs Thors í Garðastræti 41, en bygging þess markaði tímamót í íslenskri húsagerðarsögu.

SIGURÐUR Guðmundsson var annar í röð þeirra Íslendinga sem fyrstir nutu háskólamenntunar í byggingarlist í upphafi aldarinnar, næstur á eftir frumherjanum, Guðjóni Samúelssyni. Árið 1925 hóf hann rekstur fyrstu einkareknu arkitektastofunnar hér á landi og starfrækti hana allt til dauðadags árið 1958, seinustu tuttugu árin í samvinnu við Eirík Einarsson arkitekt. Í rúma þrjá áratugi var Sigurður einn helsti leiðtogi í stétt íslenskra arkitekta og með verkum sínum hafði hann mikil áhrif á þróun íslenskrar húsagerðarlistar. Nú um helgina verður opnuð í miðrými Kjarvalsstaða sýning með teikningum, ljósmyndum og líkönum af helstu verkum hans.

Sigurður Guðmundsson fæddist 4. maí 1885 á Syðri-Hofdölum í Skagafirði. Foreldrar hans voru Ingibjörg Sigurðardóttir frá Efstabæ í Borgarfirði og Guðmundur Pétursson, bóndi og hreppstjóri á Hofdölum. Sigurður var af hagleiksmönnum kominn og aðstæður hans í bernsku voru hagstæðar til menntunar og þroska. Ömmubróðir hans í föðurætt og alnafni var Sigurður Guðmundsson málari.

Árið 1904 hóf Sigurður nám við Hinn almenna menntaskóla í Reykjavík og lauk gagnfræðaprófi árið 1907. Hann stundaði áfram nám til stúdentsprófs, allt til þess að hann ákvað að læra arkitektúr, en á þeim tíma var stúdentspróf ekki skilyrði við inngöngu í arkitektadeildir erlendra listaskóla. Árið 1915 sigldi Sigurður til Kaupmannahafnar og innritaðist í arkitektadeild Listaakademíunnar. Þar stundaði hann nám meira og minna til ársins 1925, án þess þó að ljúka fullnaðarprófi. Fjárhagur var þröngur og jafnhliða skólanum vann Sigurður fyrir sér á teiknistofum í Kaupmannahöfn og einnig sem blaðamaður. Í Reykjavík og Kaupmannahöfn komst Sigurður í kynni við ýmsa merkustu listamenn sinnar kynslóðar á sviði bókmennta og myndlistar og skrifaðist hann á við marga þeirra.

Norræn klassík


Á námsárunum við Listaakademíuna í Kaupmannahöfn frá 1915 til 1925 komst Sigurður Guðmundsson í kynni við norræna klassík, sem þá var ríkjandi stefna í byggingarlist á Norðurlöndum og einkenndi m.a. fyrstu verk arkitektanna E.G. Asplund og Alvars Aalto. Áhrif stefnunnar eru auðsæ í fyrstu verkum Sigurðar er hann teiknaði á árunum 1925–30, svo sem Barnaskóla austurbæjar og innréttingu Reykjavíkur Apóteks í Austurstræti 16. Sigurð má með réttu kalla eina íslenska fulltrúa norrænnar klassíkur, þar sem Guðjón Samúelsson var undir áhrifum af sögustíl og þjóðernisrómantík aldamótaáranna. Þeir arkitektar sem næstir komu á eftir Sigurði hófu ekki nám fyrr en um 1927, þegar norræna klassíkin var að víkja fyrir funksjónalismanum. Þessi staðreynd gefur verkum Sigurðar frá árunum 1925–30 sérstakt gildi í íslenskri húsagerðarsögu.

Þegar Sigurður Guðmundsson kom heim til starfa að loknu námi var þróun byggingar- og skipulagsmála skammt á veg komin hér á landi og mörg erfið verkefni biðu úrlausnar. Fáir þekktu til starfa arkitekta og oft var við skilningsleysi og fordóma að glíma. Einungis einn háskólamenntaður arkitekt var starfandi á Íslandi um það leyti, Guðjón Samúelsson, sem skipaður var húsameistari ríkisins árið 1920. Hafði hann tekið við því starfi af Rögnvaldi Á. Ólafssyni, sem lést úr berklum langt fyrir aldur fram árið 1917. Auk Guðjóns störfuðu í Reykjavík nokkrir iðnaðarmenn með framhaldsmenntun í byggingafræðum og unnu við að teikna íbúðarhús og atvinnuhúsnæði. Strax eftir að Sigurður kom heim árið 1925 hóf hann rekstur sjálfstæðrar arkitektastofu að erlendri fyrirmynd og var hann brautryðjandi í þeim efnum hér á landi. Var hann einn jafnan nefndur Sigurður arkitekt áður en það orð varð almennt viðtekið starfsheiti.

Á þriðja áratug aldarinnar var steinsteypa orðin algengasta byggingarefni hér á landi. Á þeim tíma var notkun hennar útbreiddari hér en í nálægum löndum. Til marks um þetta segist Sigurður Guðmundsson í viðtali lítt hafa kynnst notkun steinsteypu í námi sínu í Danmörku. Hann tók þó brátt að beita sér fyrir nýjungum á sviði múrverks og steyputækni í fyrstu húsum sínum. Meðal þeirra var grófhúðun steyptra útveggja með svonefndu perluákasti. Þá aðferð notaði hann fyrst í húsinu á Laufásvegi 70 (1927). Dökkur, ólitaður perlumúr einkenndi mörg af fyrstu verkum Sigurðar, en mörg þeirra húsa hafa síðar verið máluð. Önnur nýjung sem fyrst var reynd í sama húsi var járnbending steypu í veggjum, sem fyrir vikið urðu þynnri en áður hafði tíðkast. Á árunum 1926–30 teiknaði Sigurður nokkur fleiri íbúðarhús í Reykjavík í anda norrænnar klassíkur. Sakir einfaldleika og fágaðs útlits skáru þau sig úr þeim skrautlega stíl sem þá einkenndi reykvísk steinsteypuhús. Útlitsmyndir þessara húsa voru flestar samhverfar um miðju, veggfletir sléttir og gluggagerðir byggðar upp með margfeldi sömu grunneiningar. Formið var í flestum tilvikum einfaldur teningur og lítið um útskot og útbyggingar. Húsin höfðu hreinan heildarsvip og yfirveguð hlutföll þar sem engu var ofaukið. Dæmi um þetta eru húsin Ásvallagata 14, Bergstaðastræti 74–74A og 75, Fjólugata 1, Hringbraut 26 og Laufásvegur 63, 70, 73 og 75.



Sigurður Guðmundsson



BARNASKÓLI Austurbæjar (1924–30). Fyrsta stóra verkefni Sigurðar Guðmundssonar eftir að hann fluttist heim frá námi. Mjög var til hússins vandað og var það lengi talið eitt fullkomnasta skólahús á Norðurlöndum. Fínlegar útfærslur við dyr og glugga mynda mótvægi við reglufasta heildarmynd hússins.

Funksjónalismi

Síðla árs 1929 teiknaði Sigurður fyrsta íbúðarhús hér á landi eftir hugmyndum módernismans, hús Ólafs Thors í Garðastræti 41, en bygging þess markaði tímamót í íslenskri húsagerðarsögu. Í greinum um list þessa tímabils hafa þau Hörður Ágústsson og Júlíana Gottskálksdóttir bent á þá áhugaverðu staðreynd að hér á landi ruddi funksjónalismi í arkitektúr sér til rúms mun fyrr en módernismi í öðrum greinum sjónlista.[1-2]) Þessi athyglisverði vaxtarbroddur íslenskrar nútímalistar í upphafi heimskreppu birtist með einna skýrustum hætti í nokkrum íbúðarhúsum sem hönnuð voru á teiknistofu Sigurðar Guðmundssonar á árunum 1929–33. Hin nýju viðhorf sem einkenndu þessi hús áttu sér alþjóðlegar rætur en þau